

að Jóni Guðmundssyni, málafærslumanni við landsýslaréttinn í Reykjavík, er veitt 100 ríkisdala þóknun fyrir störf hans í nefndinni, en að stjórnarráðinu ekki hafa þókt vera nægar ástæður til að veita hinum nefndarmönnum neina þóknun fyrir þetta. Því skal við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið skrifað heðan, um að borga Jóni málafærslumanni Guðmundssyni þessa 100 rd. af fê því, sem til fært er í fjárhagslögnum 9. gr. VI C.

1866.
23. maí.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að Kjalarness hreppur eigi að greiða fátækra styrk, er Þorkell Magnússon hafði fengið úr fátækra sjóði Reykjavíkur.

25. maí.

Útaf skjali því, er þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað með bréfi 9. marzmán. þ. á., þar sem Bjarni Bjarnason, hreppstjóri í Kjalarness hreppi, ber sig upp undan, að krafist sé, að sinni hyggju ranglega, að Kjalarness hreppur endurgjaldi Reykjavíkur kaupstað 8 rd. 94 sk., sem borgaðir voru veturinn 1860—61 úr bæjarsjóðnum til framfæris Þorkeli Magnússyni og hyski hans, sem annars er viðurkennt að eigi sveit á Kjalarness hreppi, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að úrskurður sá, sem stiptamtíð hefir lagt á málið, og ákveður að Kjalarness hreppur eigi að endurgjalda Reykjavíkur kaupstað fê þetta, á að vera óhaggaður.

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um íslenskar kennslubækur í neðstu bekkjunum í latínuskólanum.

25. maí.

Hinn ædsti umsjónarmaður með kennslunni í hinum lærðu skólum í Danmörku, Maðvíg konferenzráð, hefir eptir áskorun stjórnarráðsins samið álitsskjal það, er fylgir með bréfi þessu,